



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

LHG/005/9.6 /HH/sig  
14. janúar 2003.

**Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga  
um vinnutíma sjómanna, 390. mál, EES-reglur.**

*Almennt um frumvarpið*

Landhelgisgæslan telur að frumvarpið leiði til aukins öryggis á sjó þar sem mörg slys á íslenskum sjómönnum má rekja til ónógs svefnis og vinnuálags.

Nauðsynlegt er að undanþiggja áhafnir varðskipa vinnutímaákvæðum frumvarpsins vegna eðlis starfa þeirra.

*Um 1. gr.*

Í greininni er fjallað um lágmarksaldur þeirra sem vinna á skipi. Nenum í 10. bekk grunnskóla er boðið upp á að fara eina ferð með varðskipi Landhelgisgæslunnar á sumrin. Þeir taka þátt í flestum störfum um borð í varðskipunum og kynnast starfsemi stofnunarinnar.

Með vísan til framangreinds er gerð tillaga um að 2. mgr. 8. gr. laganna hljóði svo:

Eigi má hafa yngri mann, karl eða konu, en 16 ára við vinnu á skipi nema um skólaskip eða æfingaskip sé að ræða. Varðskip eru einnig undanþegin aldurslágmarki þegar nemar eru um borð. Samgönguráðherra getur sett reglur um hærra aldurslágmark skipverja við tiltekin störf allt fram til 18 ára aldurs.

Hafsteinn Hafsteinsson  
forstjóri.

